



Kennari:	Hrefna Clausen	St.312	HC
-----------------	-----------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Viðfangsefni undanfarans **Fra1AA** rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Áfram verður unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun samhliða kynningu á menningu og samfélögum frönskumælandi landa. Orðaforði verður aukinn og ný málfræðiatríði þjálfuð. Til að æfa þessi atríði munu m.a. eftirfarandi efnispættir liggja til grundvallar:

Klukkan, daglegar venjur og störf, áhugamál og mismunandi smekkur (að líka /mislíka), fjölskyldan, spurningagerð, borgarlíf, að vísa til vegar, ferðalög, samgöngur, byggingar, staðsetningar, ferðalög, ferðamáti, veður, mannlýsingar og afþreying.

Áhersla verður lögð á að nemendur beiti frönsku sem mest í töluðu og rituðu máli.

Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og skulu leitast við að beita sjálfstæðum vinnubrögðum, frumkvæði og skapandi hugsun.

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál
- samskiptavenjum
- formgerð og byggingu texta
- mismuni á töluðu og rituðu máli

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnuglegt efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lesa ýmiss konar texta um kunnuglegt efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
- bregðast við spurningum um kunnuglegt efni og beita kurteisvenjum og hljómfalli við hæfi
- beita nauðsynlegum orðaforða til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- skrifa einfaldan texta um efni sem hann þekkir og nota viðeigandi málfar
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn við tungumálanámið

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig munnlega og skriflega um hugðarefni sín og áhugamál
 - tjá sig um liðna atburði
 - miðla efni sem hann hefur kynnt sér
 - tjá skoðanir og tilfinningar
 - takast á við kunnuglegar aðstæður í almennum samskiptum og beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum
-

Markmið áfangans : Í Fran1BB er stefnt að því að nemendur

- geti skilið fyrirmæli kennarans á frönsku og brugðist við þeim
- geti skilið talað mál við daglegar aðstæður
- geti skrifað samfellt mál um líðandi stund og liðna atburði
- geti lesið texta með einföldum orðaforða sem fjalla um þekkt efni
- geti lesið lengri texta til skilnings á meginefni hans
- nái betra valdi á frönskum framburði
- geti lýst daglegum athöfnum munnlega og skriflega í nútíð og í liðinni tíð.

KENNSLUEFNI og NÁMSGÖGN

- **Alter Ego + A1** lesbók. Höfundar A. Berthet, E. Daill og fl. Útgefandi Hachette.
- **Að auki skulu nemendur útvega sér STRAX í upphafi annar :**
 - **stílabók fyrir leiðarskrif (JOURNAL DU BORD)** fyrir glósur í tímum, verkefni, ígrundun o.fl. Leiðarbókin sýnir virkni á önninni og er þannig hluti af námsefninu
 - **lausblaðamöppu** fyrir *verkefni, ljósrit, æfingar, kannanir og fl.*
- **Ýmsir kennsluvefir með gagnvirkum orðaforða- málfræði- og framburðaræfingum fyrir nemendur í frönsku á öllum stigum námsins**
- www.snara.is - www.wordreference.com/fr - <https://translate.google.is/m/translate>
- <http://leconjugueur.lefigaro.fr/> Mjög gagnleg síða með beygingum franskra sagna
- <http://apprendre.tv5monde.com/fr/niveaux/a1-debutant/>
- <http://www.languageguide.org/fran%C3%A7ais/vocabulaire/>
- <https://quizlet.com/class/3092086/> - Kennsluvefur, nemendur skrá sig inn á svæðið Fran1BB
- www.duolingo.com - Kennsluvefur, nemendur skrá sig inn á Fran1BB h19

ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ NÁMSEFNIS OG KENNSLU Á ÖNNINNI

Kennslubókin, **ALTER EGO +1** verður lögð til grundvallar hvað efni og yfirferð áfangans varðar.

Markmiðið er að ljúka yfirkaflanum Dossier 6. Fjölbreytt námsmat verður viðhaft reglulega á önninni. Kennari mun mikið styðjast við **leiðsagnarmat** í áfanganum. Leiðsagnarmat hjálpar nemendum við að tileinka sér námsefnið jafnt og þétt og hvetur þá áfram með reglulegri endurgjöf í formi munnlegra og skriflegra umsagna svo þeir megi bæta sig og ná betri árangri í námsferlinu. Kennari mun meta reglulega virkni og vinnubrögð í og utan kennslustuna.

Ath. Nemendur sem fá **9** í annareinkunn, sýna góða ástundun og vinnusemi **geta sloppið við lokapróf**

Athugið vel eftirfarandi :

- Nemendur **bera sjálfir ábyrgð** á sínu námi. Því er nauðsynlegt að skipuleggja vel tímann og sinna náminu jafnt og þétt í og utan skóla. Auðvelt er að dragast aftur úr með slugsí.
- Geti nemandi ekki tekið próf eða lokið verkefni á þeim tíma sem það er lagt fyrir, **skal hann sjálfur** hafa frumkvæði að því að ljúka því á öðrum tíma. Annars verður gefin einkunnin 0.
- Nemendur sem einhverra hluta vegna eru undanþegnir skólasóknarreglum skulu fylgjast vel með allri vinnu áfangans m.a. á INNU og á lokaðri FB síðu Franska í FSu- h'19
- Notkun snjalltækja í kennslustundum er **takmörkuð** og háð reglum sem kennari setur. Ítrekuð notkun slíkra tækja í kennslustundum án leyfis, getur orsakað fjarvist úr tíma.

NÁMSMAT

- **Annareinkunn**
- *Verkefni, próf, ástundun, virkni, vinnubrögð, leiðarbók, mappa, netnám* **30%**
- **Skriflegt-, munnlegt- og hlustunarpróf í lok annar** **70%**
- **LOKAEINKUNN** **100%**

Með fyrirvara um breytingar og von um farsælt samstarf á önninni,

FSu, ágúst 2019 Hrefna Clausen.